

Velferðarráð
Borgartún 10 - 12
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 7. janúar 2019
R18060224

220

Efni:

Umsögn öldungaráðs vegna tillögu um skipun hagsmunafulltrúa fyrir aldraða.

Á fundi öldungaráðs þann 7. janúar var samþykkt að senda velferðarráði svohljóðandi umsögn vegna bréfs velferðarráðs dags.,17.desember sl. þar sem óskað er eftir umsögn frá öldungaráði vegna tillögu um skipun hagsmunafulltrúa fyrir aldraða:

Í öldungaráði Reykjavíkur sitja m.a. fulltrúar félags eldri borgara í Reykjavík, Samtökum aldraðra og Korpúlfulm. Umfang og umboð ráðsins hefur aukist til muna frá stofnun ráðsins. Öldungaráð Reykjavíkurborgar fer með verkefni samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála. Öldungaráðið fer einnig með verkefni samkvæmt ákvæðum laga 125/1999 um málefni aldraðra.

Meðal þeirra mála sem ráðið fjallar um eru þau mál sem talin eru upp í tillögunni. Rétt er að áréttta það að nú þegar er starfandi umboðsmaður borgarbúa sem fer meðal annars með málefni eldri borgara. Í ljósi þess telur öldungaráð að ekki sé þörf á stofnun sérstaks hagsmunafulltrúa í Reykjavík fyrir aldraða, í ráðinu sitja nú þegar fulltrúar allra hagsmunaaðila aldraðra í Reykjavík.

Virðingarfyllst

Elísabet Pétursdóttir